

1872.

4. septbr.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á jarðarafgjaldi.

Í bréfi, dagsettu 15. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, samkvæmt bænarskrá hlutaðeiganda umboðsmanns lagt til, að gefa megí upp leiguliðunum á jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Markúsi Jónssyni og ekkjunni Vilborgu Stígsdóttur, tveggja ára afgjald af jörðunni, sem endurgjald fyrir að orðið hafi að flytja húsin á óhulltari stað sökum ágangs af sandfoki.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið leyfir, eptir því sem á stendur, að tæðum leiguliðum verði gefin upp tveggja ára land-skuld og leigur, eins og stungið var uppá.

6. septbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn íslenskum lögum um fiskiveiðar og verzlun.¹⁾

Með bréfi 19. maí 1868, sendi utanríkisstjórnin hingað endurrit af bréfi, þarsem frakkneski sendiherrann, sem þá var hér, sumpart fór fram á, að skipstjóri *Allenou* í *Paimpol*, sem hafði gjört sig sekan gegn íslenskum lögum um fiskiveiðar og verzlun, sérílagi með því að bera upp vörur nokkrar á verzlunarstaðnum Grundarfirði í vesturamtinu, mætti vera undanþeginn því, að greiða bæði lestagjald, sem gjalda bar af skipum hans, og sektir þær, sem fyrir er mælt um í lögum 15. apríl 1854, 9. gr., og að það lagahald, sem lagt hafði verið á vörurnar, sem lagðar voru á land á Grundarfirði, til tryggingar sektum og gjaldi, yrði af numið, sumpart mæltist til, að það verði framvegis leyft frakkneskum

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 611.